

## D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 9. júní 2008 í máli nr. S-128/2008:

### Ákærvaldið

(*Jón Einarsson fulltrúi*)

gegn

**Baldri Jessen**

(*Brynjar Nielsson hrl.*)

Mál þetta höfðaði lögreglustjórinn í Borgarnesi með ákæru 12. mars 2008 á hendur ákærða, Baldri Jessen, kt. ..., Sólbakka í Borgarbyggð. Málið var dómtekið 21. maí 2008.

Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða „fyrir umferðarlagabrot með því að hafa miðvikudaginn 16. janúar 2008, ekið bifreiðinni KV-765, ófær um að stjórna henni örugglega vegna neyslu ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni eða reglugerðum samkvæmt þeim (í þvagi fannst tetrahydrókannabinólsýra), eftir Borgarbraut í Borgarnesi, þar til á vegarkafli við Sandvík, þar sem lögreglan stöðvaði aksturinn.“ Þetta er talið varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a, sbr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Í ákæru er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar, sbr. 101. og 102. gr. umferðarlaga, með síðari breytingum.

Ákærði krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins og að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð. Til vara er þess krafist að ákærða verði gerð svo væg viðurlög sem lög frekast leyfa.

I.

Miðvikudaginn 16. janúar 2008, kl. 14.25, voru tveir lögreglumenn við umferðareftirlit á lögreglubifreið þegar þeir veittu athygli bifreiðinni KV-765, sem ekið var til norðurs eftir Borgarbraut. Eftir að ökumaður hafði stöðvað bifreiðina að boði lögreglu var hann boðaður yfir í lögreglubifreiðina. Ökumaður bifreiðarinnar var ákærði og kannaðist hann á vettvangi við að hafa neytt fíkniefna um síðustu áramót. Fór ákærði með lögreglu á lögreglustöðina og gaf þar þvagsýni, sem reynist við skimun gefa jákvæða svörun við kannabisefnum.

II.

Fyrir dómi greindi ákærði frá því að hann hefði farið akandi að heiman í verslun Bónuss í Borgarnesi, en á leið þaðan og heim aftur hefði lögreglan haft afskipti af honum. Aðspurður kannaðist ákærði við að hafa reykt hass rúmlega tveimur vikum fyrir aksturinn. Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til neinna áhrifa þegar hann ók. Hins vegar tók ákærði fram að hann væri á sterkum verkjalyfjum og taldi hugsanlegt að það gæti hafa haft áhrif á mælingu fíkniefna í þvagi. Einnig sagðist ákærði taka inn bólgueyðandi töflur og kvíðastillandi lyf.

### III.

Í þágu rannsóknar málsins voru blóð- og þvagsýni frá ákærða send til rannsóknar. Í matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði frá 4. febrúar 2008 segir að í þvagini hafi fundist tetrahýdrókannabínólsýra en tetrahýdrókannabínól hafi ekki verið í mælanlegu magni í blóðinu.

Fyrir dómi gaf skýrslu Jakob Kristinsson, dósent í eiturefnafræði, en hann ritaði undir framangreinda matsgerð. Jakob staðfesti matsgerðina og sagði vel hugsanlegt að það efni sem mældist í þvagi ákærða væri vegna hassreykinga rúmlega tveimur vikum áður. Einnig sagði Jakob að ekki væri hægt að fullyrða að einstaklingur væri undir áhrifum þegar tetrahýdrókannabínólsýra mældist í þvagi ef tetrahýdrókannabínól fyndist ekki jafnframt í blóði. Í því sambandi tók vitnið fram að fyrrgreinda efnið ylli ekki vímuáhrifum. Þá sagði Jakob að verkja, bólgu eða kvíðalyf hefðu engin áhrif á mælingu fíkniefna.

### IV.

Samkvæm 1. mgr. 45. gr. a umferðarlaga, nr. 50/1987, svo sem lögum var breytt með lögum nr. 66/2006, má enginn stjórnari eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann er undir áhrifum ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Í 2. mgr. sömu greinar segir síðan að ökumaður teljist vera undir áhrifum ávana- og fíkniefna og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega ef ávana- og fíkniefni samkvæmt 1. mgr. mælast í blóði eða þvagi hans. Á það verður ekki fallist, sem hreyft var við vörn málsins, að þessi refsheimild brjóti gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar eða fari í bága við aðrar reglur sem gildi hafa að stjórn lögum.

Í málinu liggur fyrir að ákærði ók bifreiðinni KV-765 í umrætt sinn en akstrinum lauk þegar lögregla hafði afskipti af ákærða á Borgarbraut í Borgarnesi. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar reyndust fíkniefni ekki vera í blóði ákærða. Hins vegar fannst tetrahýdrókannabínólsýra í þvagini, en það efni er í flokki ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru á íslensku forráðasvæði, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, og reglugerð um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, nr. 233/2002, með síðari breytingum. Ekkert hefur komið fram sem rýrt getur sönnunargildi matsgerðarinnar.

Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið telst sannað að ákærði hafi ekið bifreiðinni þótt hann hafi lögum samkvæmt verið óhæfur til að stjórna henni þar sem ávana- og fíkniefni mældust í þvagi hans. Ákærði verður því sakfelldur fyrir brotið sem varðar við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga, nr. 50/1987.

V.

Ákærði hefur samkvæmt framansögðu unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987.

Samkvæmt sakavottorði nær sakaferill ákærða aftur til ársins 1997, en hann hefur hlotið sjö dóma og gengist undir eina lögreglustjórásátt fyrir brot gegn almennum hegningarlögum, umferðarlögum, vopnalögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Þar af hlaut ákærði dóm 20. mars 2007 fyrir brot gegn lögum um ávana og fíkniefni og vopnalögum. Var refsing ákærða ákveðin fangelsi í þrjú mánuði skilorðsbundið í þrjú ár. Ákærði hélt ekki það skilorð og hlaut hann dóm 9. janúar 2008 fyrir brot gegn 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga og lögum um ávana- og fíkniefni. Í þeim dómi voru ekki talin efni til að taka upp refsingu samkvæmt skilorðsdómnum og var ákærða því gerð refsing sér í lagi sem ákveðin var fésekt að fjárhæð 150.000 krónur. Jafnframt var ákærði sviptur ökurétti í sex mánuði frá 16. janúar 2008. Þessi dómur hefur ítrekunaráhrif gagnvart þessu máli og breytir engu í þeim efnum þótt dómurinn hafi verið birtur eftir að ákærði framdi það brot sem hann hefur verið sakfelldur fyrir í þessu máli, enda mátti honum vera öldungis ljóst hvað hann átti í vændum í kjölfar málsmeðferðar í aðdraganda dómsins 20. mars 2007.

Með broti því sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir rauf hann aftur skilorð dómsins frá 20. mars 2007. Allt að einu þykir rétt að virtu broti ákærða og með vísan til 60. gr. almennra hegningarlaga að láta skilorðsdóminn standa en gera ákærða refsingu sér í lagi fyrir brotið. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100.000 króna sekt og komi átta daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Með vísan til 6. mgr. 102. gr. umferðarlaga verður ákærði sviptur ökurétti í tvö ár frá 16. júlí 2008 eða birtingu dómsins fari hún fram síðar.

Loks verður ákærði samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar samkvæmt yfirliti lögreglu um sakarkostnað og ákvörðun dómsins um málsvarnarlaun verjanda, sem ákveðin eru að meðtöldum virðisaukaskatti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Benedikt Bogason, héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

## **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Baldur Jessen, greiði 100.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi átta daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökurétti í tvö ár frá 16. júlí 2008 eða birtingu dómsins fari hún fram síðar.

Ákærði greiði 243.898 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjars Níelsson, hæstaréttarlögmanns, 195.216 krónur.

Benedikt Bogason